

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júní 2010 í máli nr. S-362/2010:

Ákærvaldið

(Ragna Bjarnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 15. júní sl., er höfðað samkvæmt ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 4. maí 2010, á hendur X, kt. 000000-0000, ..., fyrir líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar 2008, utandyra við veitingastaðinn Sólon, Ingólfsstræti í Reykjavík, skallað og slegið Karl Ólaf Pétursson í andlitið með þeim afleiðingum að tvær tennur losnuðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Karls Ólafs Péturssonar, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð 1.192.975 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá ársardegi, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá 19. apríl 2009 til greiðsludags.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds, til vara að refsing verði látin niður falla, en til þrautavara að honum verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er þess aðallega krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara að bótakrafa verði lækkuð verulega. Loks er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málsatvik

Mánudaginn 7. apríl 2008 mætti Karl Ólafur Pétursson til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna líkamsárásar sem hefði átt sér stað laust fyrir klukkan 6 að morgni 10. febrúar utan við veitingastaðinn Prikið í Bankastræti. Sagðist Karl hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum og verið utandyra að reykja. Þar hefði hann hitt ákærða og sagt við hann að „Breiðholt væri alvöru, en Árbærinn væri hálfvegis“, en hann hefði vitað

að ákærði byggi í Árbæjarhverfi. Rétt eftir að hann hefði sagt þetta hefði ákærði orðið brjáláður. Sagðist hann hafa gengið á brott frá ákærða, en ákærði fylgt honum eftir og náð honum í Ingólfsstræti. Hefði hann sagt við ákærða að hann væri á leiðinni heim og „vildi ekkert kjaftæði“. Ákærði hefði þá þrifið í bringu hans, dregið hann að sér, skallað hann og slegið hann eitt högg í andlitið. Hefði skallahöggið verið svo þungt að hann hefði hálfvankast á eftir. Ágúst Ólafur Hvannadal, sem þarna var staddur, hefði fjarlægt ákærða eftir þetta, en síðan hefði lögreglumenn borið að og rætt við þá ákærða. Karli hefði verið ekið á slysadeild, en þar hefði honum verið bent á að leita til tannlæknis, sem hann hefði gert í framhaldinu.

Í vottorði Rolfs Hanssonar tannlæknis, dagsettu 12. febrúar 2008, kemur fram að Karl Ólafur Pétursson hafi leitað til hans 10. febrúar vegna áverka á tönnum sem hann hefði hlotið fyrr um daginn. Hefði Karl verið aumur í framtönnum vinstra megin í efri gómi og framtönnum neðri góms. Röntgenmyndir hefðu sýnt víkkað rótarslíður tanna #21 og #22 og hefði klínísk skoðun gefið til kynna að tennurnar væru lausar. Tönn #22 hefði gengið niður og inn svo að bit var ekki eðlilegt. Hefði tönnum verið komið fyrir á réttan stað og þær spengdar, en tíminn myndi leiða í ljós hverjar varanlegar afleiðingar yrðu. Ekki væri ósennilegt að nauðsynlegt yrði að rótfylla báðar tennurnar.

Í skýrslu sem Ingólfur Már Ingólfsson lögreglumaður, sem kom á vettvangi í umrætt sinn, hefur ritað kemur fram að tilkynning hafi borist kl. 5:51 um að maður hefði verið laminn fyrir utan veitingastaðinn Sólon í Bankastræti. Á vettvangi hefði Karl Ólafur Pétursson gefið sig fram við lögreglumenn og hefði hann verið með sár í munni eða munnvikum. Hefði hann nefnt ákærða sem hann sagði hafa slegið sig í andlitið án nokkurs tilefnis. Hefði Karl sagt að ákærði væri tónlistarmaður, „rappari“, og hefðu þeir verið að ræða eitthvað sem því tengdist inni á veitingastaðnum Prikinu þegar árásin átti sér stað. Lögreglumenn hefðu komið auga á ákærða þar sem hann var á gangi ásamt fleira fólki neðarlega í Bankastræti. Ræddu lögreglumenn við ákærða sem sagðist ekki kannast við Karl og hefði hann ekki kýlt hann í andlit. Hefði ákærði verið látinn laus eftir þetta, en Karli ekið á slysadeild.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 24. júní 2008. Sagðist hann hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum Prikinu nóttina sem um ræðir. Hann hefði farið út af veitingastaðnum og beðið eftir unnustu sinn, sem einnig var á leið út. Þarna fyrir utan hefði hann hitt pilti sem hann hefði ekki þekkt neitt og hefðu þeir farið að rífast við hann, en ekki myndi hann tildrög þess. Á meðan á rifrildinu stóð hefði annar piltanna skyndilega kýlt hann í andlitið og hefði hann þá kýlt piltinn til baka. Ákærði sagðist ekki minnst þess að hafa skallað piltinn. Þetta hefði atvikast mjög hratt. Vel gæti verið að hann hefði skallað hann, en það hefði þá gerst í hita leiksins.

Samkvæmt skýrslu lögreglu, dagsettri 15. október 2008, samþykktu ákærði og Karl Ólafur Pétursson að málinu yrði vísað til sáttameðferðar, en Karl gerði fyrirvara um að áður yrði fengið mat tannlæknis á endanlegum afleiðingum tannáverka. Gögn um þetta bárust hins vegar ekki frá Karli og var þá litið svo á að hann væri ekki reiðubúinn að taka þátt í sáttafundi. Samkvæmt skýrslu lögreglu 8. janúar 2010 var á ný reynt að vísa málinu til sáttameðferðar. Er ákærða var kynnt að krafist yrði 600.000 króna í skaðabætur hafnaði hann hins vegar að ljúka málinu með þeim hætti.

Ákærði neitaði sök fyrir dómi. Við aðalmeðferð málsins sagðist hann hafa verið á veitingastaðnum Prikinu í umrætt sinn. Hefði hann verið á heimleið og beðið eftir samferðarfólki sínu utan dyra þegar til hans hefðu komið tveir menn sem hann þekkti ekki, en vissi nú að voru Karl Ólafur Pétursson og Arnar Ólafur Hvanndal. Hefðu þeir veist að honum með orðum og hann svarað fyrir sig. Þá hefði Karl Ólafur slegið hann hnefahögg í auga svo að hann hlaut glóðarauga. Eftir þetta hefðu orðið áflog á milli þeirra Karls Ólafs og hefðu þeir „glímt eitthvað“, en Arnar hefði svo gripið í Karl Ólaf og fært hann frá. Ákærði lýsti áflogunum nánar þannig að hann hefði verið kýldur og hefði hann slegið hnefahögg til baka. Eftir það hefði þeim lent saman, en hann teldi ekki að fleiri högg hefðu gengið á milli. Spurður hvort hann hefði skallað Karl Ólaf sagði ákærði að ef svo væri hefði það gerst á meðan á glímütökum þeirra stóð, en ekki eins og lýst væri í ákæru.

Vitnið *Karl Ólafur Pétursson* sagðist hafa verið að skemmta sér á veitingastaðnum Prikinu. Hann hefði verið utan dyra á reykingasvæði og þá sagt í gríni við ákærða eitthvað á þá leið að „Árbærinn væri hálfvegis, en Breiðholt væri málið“. Ákærði hefði tekið þessu illa og starað á sig. Karl sagðist hafa gengið í burtu og verið að tala í farsíma, þegar hann hefði veitt því athygli að ákærði stóð hinum megin við götuna og starði á hann. Sagðist hann hafa kallað til ákærða: „Hvað viltu maður – ég er ekki með neitt vesen við þig“, eða eitthvað í þeim dúr. Hann hefði svo snúið sér við, en ekki vitað fyrr en ákærði kom að honum, greip í brjóst hans og skallaði hann og kýldi í andlitið með þeim afleiðingum að hann féll í götuna. Hefði ákærði verið færður á brott eftir þetta. Karl sagðist hafa hlotið nokkra áverka á tönnum við atlöguna. Vinstri framtönn í efri gómi hefði gengið inn í næstu tönn við hliðina og framtönn í neðri gómi losnað og skekkst. Þá hefði hann fengið skurð á augabrún.

Karl neitaði alfarið að hafa slegið ákærða áður en hann veittist að honum. Hann hefði borið hendur upp fyrir höfuð þegar þetta gerðist til að sýna að hann vildi ekki slást. Karl sagðist kannast við ákærða, sem væri tónlistarmaður og tók fram að hann væri sjálfur úr Breiðholtshverfi og vissi að ákærði væri úr Árbænum.

Vitnið *Atli Ingi Atlason* sagðist hafa verið á veitingastaðnum Prikinu með Karli Ólafi Péturssyni, Arnari Ólafi Hvanndal og fleirum. Hann hefði komið að Karli þar sem hann var staddur úti í reykingaporti og hefðu þeir ákærði verið að rífast. Skömmu síðar hefðu þeir yfirgefið veitingastaðinn og hefði ákærði þá komið að, rífið í öxlina á Karli, sem hefði snúið sér við og hefði ákærði þá skallað hann í andlitið og kýlt hann einu sinni eða tvisvar. Hefði Karl fallið upp að vegg við þetta. Ákærði hefði verið rífinn frá Karli og hefði lögreglan komið á vettvang skömmu síðar. Atli sagðist ekki hafa heyrt orðaskipti milli ákærða og Karls í reykingaportinu.

Vitnið *Arnar Ólafur Hvanndal* sagði ákærða og Karl hafa verið að rífast inni á veitingastaðnum Prikinu og hefði það snúist eitthvað um Árbæ og Breiðholt. Karl hefði ætlað að ganga í burtu, en ákærði þá kallað til hans. Hefði Karl snúið sér við, en ákærði þá gripið í hann og skallað hann niður svo að hann féll upp að vegg veitingastaðarins. Hann hefði dregið ákærða í burtu áður en hann næði að kýla Karl aftur. Arnar sagði Karl hafa haldið höndum sínum á lofti þegar ákærði gekk að honum og hefði hann spurt ákærða hvað hann ætlaði að gera, en þá verið skallaður. Hann hefði aldrei séð Karl slá frá sér á meðan á þessu stóð.

Vitnið *Victor Ocares* sagðist hafa verið á veitingastaðnum Prikinu og hefði hann komið að ákærða þar sem hann stóð við innganginn og var að þræta við tvo menn. Hefðu mennirnir gengið að ákærða og veist að honum, en verið stíað í sundur af viðstöddum. Þetta hefði gerst mjög hratt og lögreglan fljótlega komið á vettvang. Victor sagðist ekki hafa séð nákvæmlega hvað gerðist þegar mennirnir stóðu saman eins og hann hefði lýst. Hann hefði séð þá hvorn ofan í öðrum og síðan séð að ákærði var blóðugur. Þar sem ákærði stóð neðar í götunni en mennirnir hefði hann talið að þeir hefðu átt frumkvæði að átökunum.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hann viðurkennir að hafa slegið Karl Ólaf Pétursson einu hnefahöggi í andlit, en hefur borið að Karl hafi slegið hann fyrst. Þá hefur ákærði borið að hann muni ekki eftir því að hafa skallað Karl, en ef eitthvað slíkt hafi gerst hafi það verið á meðan þeir tókust á í glímutökum, en ekki með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Karl hefur lýst því að ákærði hafi skallað hann og slegið í andlit hans í umrætt sinn. Vitnið Atli Ingi Atlason sagðist hafa séð ákærða skalla Karl í andlitið og slá hann einu eða tveimur hnefahöggum. Þá bar Arnar Ólafur Hvanndal að hann hefði séð ákærða skalla Karl og sagðist vitnið hafa fjarlægt ákærða áður en hann næði að veita Karli frekari högg. Vitnunum þremur bar saman um að Karl hafi ekki slegið ákærða, eins og ákærði hefur borið um. Sem fyrr greinir jatar ákærði að hafa slegið Karl hnefahöggi í andlit. Með því og að öðru leyti með vísan til framburðar framangreindra vitna telst sannað að hann hafi veist að Karli Ólafi Péturssyni með þeim hætti sem lýst er í ákæru og valdið honum þeim áverkum sem þar greinir og staðfestir eru með vottorði tannlæknis. Framburður ákærða um að Karl hafi slegið hann í aðdraganda atlögunnar fær ekki stoð í framburði vitna eða gögnum málsins að öðru leyti og er honum hafnað. Breytir vætti Victors Ocares engu þar um, en fram kom hjá vitninu að hann hefði ekki séð nákvæmlega hvað gerðist á milli mannanna, sem hefðu staðið þétt saman. Telst háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði krefst aðallega sýknu vegna þess að sök á hendur honum sé fyrnd. Brot samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga varða fangelsi allt að einu ári og fyrnast því á tveimur árum, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga. Verður talið að fyrningarfrestur hafi, samkvæmt 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, rofnað þegar ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 24. júní 2008 vegna gruns um að hafa framið brotið. Akæra var gefin út á hendur ákærða 4. maí 2010 og málið þingfest 26. sama mánaðar. Var sök ákærða þá ófyrnd samkvæmt framansögðu og verður ekki fallist á sýknukröfu ákærða af þessari ástæðu. Þá krefst ákærði sýknu þar sem háttsemi hans hafi réttlæst af neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Ekkert er komið fram í málinu sem bendir til þess atлага ákærða hafi verið nauðsynleg til þess að verjast eða afstýra ólögumætri árás, svo sem í 12. gr. almennra hegningarlaga greinir og er hafnað vörn ákærða á þeim grunni. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru.

Ákærði er fæddur í maí 1983. Sakaferill hans hefur ekki áhrif á refsingu. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að árás hans á Karl Ólaf Pétursson var harkaleg, þar sem hann veitti Karli skalla- og hnefahögg í andlit svo að hann hlaut

allnokkra áverka af. Þótt fram sé komið að áður hafi komið til einhverra orðaskipta á milli ákærða og Karls var aðdragandi atlögunnar engan veginn með þeim hætti að til málsbóta horfi fyrir ákærða samkvæmt 3. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn verður litið til þess að langt er liðið frá því er brotið var framið og hafa ekki fengist viðeigandi skýringar á þeim drætti sem orðið hefur á lögreglurannsókn málsins. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en rétt þykir að ákveða að fresta skuli framkvæmd refsingarinnar og að hún falli niður að liðnum 2 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Karl Ólafur Pétursson hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 1.192.975 krónur með vöxtum, sem sundurliðast þannig:

1. Miskabætur	500.000 krónur
2. Lögfræðikostnaður	192.975 krónur
3. Áætlaður tannlæknakostnaður	500.000 krónur

Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða, sbr. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999, sem þykja hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Jafnframt verða brotþola dæmdar bætur vegna kostnaðar við að halda fram bótakröfu sinni, en í samræmi við viðmiðunarreglur dómstólaráðs er fjárhæð þeirra ákveðin 125.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Meðal gagna málsins er staðfesting á greiðslu brotþola til AB tannlæknastofu 13. nóvember 2009, vegna röntgenmyndatöku o.fl., að fjárhæð 9.650 krónur. Kröfu um skaðabætur vegna áætlaðs tannlæknakostnaðar fylgja ekki önnur gögn og verða brotþola ekki dæmdar frekari bætur en sem útlögðum kostnaði nemur. Skaðabætur beri vexti sem í dómsorði greinir.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Helgasonar hdl., 351.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Ragna Bjarnadóttir aðstoðarsaksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Karli Ólafi Péturssyni skaðabætur að fjárhæð 385.150 krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. febrúar 2008 til 26. júní 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Helgasonar hdl., 351.400 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir